



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1397**  
**komudagur 7.2.2013**

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Borg, 7. febrúar 2013

**Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um náttúruvernd, 429. mál.**

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps þann 6. febrúar s.l. var lögð fram beiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 17. janúar 2013 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á frumvarpi til laga um náttúruvernd, 429. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps telur nauðsynlegt að endurskoða þetta frumvarp til laga um náttúruvernd. Í frumvarpinu er ráðherra falið mikið vald til að taka ákvarðanir og setja reglugerðir um hinar ýmsu greinar sem geta verið íþyngjandi fyrir einstaklinga og framkvæmdaraðila án þess að sérstaklega sé getið um það í lögnum. Nauðsynlegt er að gera textann skýrari þannig að ekki þurfi að bíða eftir reglugerðum við einstaka liði frumvarpsins en samtals er vitnað um það bil þrjátíu sinnum í gerð reglugerðar í fyrirbyggjandi frumvarpi. Verulega er gengið á ákvörðunarvald sveitarfélaga er snýr að skipulagi þar sem að öllu jafna hafa málefnum náttúruverndar verið getið í aðal- og deiluskipulagi og þess gætt að ekki sé gengið óhóflega á þau svæði sem eru á náttúruminjasrá né þess sem friðlýst er.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

**Grein 8 – vísindalegur grundvöllur ákvarðanatöku:** Gera verður skýrari grein fyrir ákvörðun er varða náttúruna, þessi grein er allt of opin og býður upp á kröfur sem ekki eru forsendur til að gangi eftir.

**Grein 9 – varúðarregla:** Enn og aftur er farið með opinn texta um úttektir sérfræðinga á málefnum er valdið getað misskilningi.

**Grein 14 – náttúruverndarumdæmi:** Hvaðan á að taka fjármuni í þetta og hver verða mörk þessara svæða?

**Grein 15 – náttúruverndarnefndir:** Vegið er að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga um að skylda sveitarfélög til að hafa náttúruverndarnefndir og geta ekki sett það undir aðra nefnd öðruvísi en sameinast öðrum sveitarfélögum um málið. Þessari grein er mótmælt harðlega og lagt til að málefnum náttúruverndar sé sinnt af sveitarfélögum með þeim hætti sem þau ákveða.



**Grein 16 – ráðgjafarnefnd og fagråd náttúruminjaskrár:** Ekki verður séð með hvaða hætti náttúruvernd verður markvissari með ráðum á fagråd ofan. Einnig er spurning um hvar eru hagsmunir landeigenda tryggðir? Jafnframt er þessum málum vel fyrir komið í skipulagsgerð sveitarfélaga og því vandséð hvaða málefni þessi ráð eiga að tryggja.

**Grein 32 – kortagrunnur um vegi og vegslóða:** Vandséð er hvernig á að fylgja eftir þessari grein þar sem ýmislegt efni er gefið út á grundvelli rit- og prentfrelsis. Einnig er nauðsynlegt að Landmælingum Íslands verði tryggt það fjármagn sem til þarf til að standa undir þeim kröfum sem fram koma í frumvarpinu. Nauðsynlegt er að gerð verði grein fyrir þessum vegslóðum í skipulagi sveitarfélaga og tillit sé tekið til þeirra vegslóða sem þar er getið.

**Grein 36 - kynning og málsmeðferð:** Nauðsynlegt er að tryggja formleg samskipti við landeigendur í þeim tilfellum þegar farið er inn á eignarland einkaaðila eða sveitarfélaga.

**Grein 54 - friðlýsing svæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar:** Nokkuð langt er gengið í friðun á þessum svæðum þar sem rannsóknir gætu haft áhrif á nærliggjandi svæði, eru bannorðin því mjög viðamikil. Enn og aftur hefur þetta viðtæk áhrif á skipulag sveitarfélaga.

**Grein 57 – sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja:** Með þessu er verið að banna eigendum lands að raska mýrum sem eru stærri en 10.000 m<sup>2</sup>. Ekki verður séð að framþróun í landbúnaði geti þrífist með þessu ákvæði inni þar sem lagatextinn er nokkuð afdráttarlaus. Skorað er á löggjafarvaldið að endurskoða þessa grein með hagsmuni ræktunar að leiðarljósi.

**Grein 72 - auglýsingar utan þéttbýlis:** Ekki verður fallist á að auglýsingaskilti séu óheimil í dreifbýli, hvaða rök liggja þar að baki? Nauðsynlegt er að skýra þetta betur.

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjórnar



SVEITARSTJÓRI

GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPS

---

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri